


Mynd eftir finnsku listakonuna Inari Krohn.



Inari Krohn frá Finnlandi er höfundur myndarinnar sem er ein rúmlega 200 mynda á kvennasýningunni að Kjarvalsstöðum. Ljósm: gel.



Edda Jónsdóttir og Borghildur Óskarsdóttir eiga báðar myndir á sýningunni sem farið hefur um öll Norðurlönd við góðar undirtektir. Ljósm: gel.

Málverkið og teikningin



Hvað eiga listakonur sameiginlegt?

Norræn kvennasýning á Kjarvalsstöðum

Samnorræn myndlistarsýning kvenna hefst að Kjarvalsstöðum á laugardag kl. 14. Þar sýna 47 listakonur rúmlega 200 verk sem öll falla undir temað málverkið og teikningin. Sýningin hefur verið á ferð um Norðurlöndin undanfarið, Ísland er næstsíðasti viðkomustaðurinn, en héðan fer sýningin til Árósa.

Hugmyndina að þessari sýningu áttu þær Bergljót Ragnars myndlistarmaður sem búsett er í Kaupmannahöfn og sænski málarinn Marianne Ågren. Þær veltu fyrir sér spurningunni hvort norrænar listakonur ættu eitthvað sameiginlegt og vildu sjá við hvað þær væru að fást. Þátttakendur eru allar starfandi listamenn, utan tvær sem eru nýlátnar. Þær eru á öllum aldri og það gefur mikla breidd í sýninguna.

Sýningin hefur vakið mikla athygli og fengið misjafna dóma gagnrýnenda, sem sumum fannst hún ekki nógu árásargjörn og uppvekjandi, eins og margar kvennasýningar hafa verið á undanförnum árum.

A Kjarvalsstöðum komu fjórar af þeim íslensku listakonum sem eiga myndir á sýningunni saman ásamt danska listfræðingnum Kirsten Andersen sem átti mikinn þátt í að velja myndirnar og koma sýningunni í framkvæmd. Það voru þær Edda Jónsdóttir, Valgerður Bergsdóttir, Borghildur Óskarsdóttir og Bergljót Ragnars sem spjölluðu við blaðamenn, en auk þeirra eiga þær Sigríður Björnsdóttir og Björg Þorsteinsdóttir verk á kvennasýningunni.

Listakonurnar sögðu að þessi sýning væri nokkuð ólík fyrri kvennasýningum, hún væri ekki eins áberandi pólitísk, þ.e. myndirnar hrópuðu ekki sinn boðskap í einu orði, heldur þyrfti að lesa meira út úr þeim. Kannski væri það vottur um að list kvenna væri að breytast og þróast. Þær sögðu að þessi sýning væri sögueleg vegna þess hve konurnar eru á misjöfnum aldri. Sýningin sýndi að konur væru að fást við margt í málaralistinni.



Bergljót Ragnars átti frumkvæðið að sýningunni ásamt Marianne Ågren. Ljósm: gel.



Kirsten Andersen listfræðingur kom hingað til lands til að aðstoða við uppsetningu sýningarinnar að Kjarvalsstöðum. Hún sagði að íslensku listakonurnar hefðu reynst drjúgar í samstarfinu.

Bergljót Ragnars, Valgerður Bergsdóttir, Edda Jónsdóttir og Borghildur Óskarsdóttir í salnum að Kjarvalsstöðum.

Kirsten Andersen tók fram að í blaðadómum hefði alls staðar verið vakin sérstök athygli á íslensku listakonunum og þeim bar öllum saman um að þegar litið væri yfir verkin þá skæru hin íslensku sig úr og einnig þau finnsku. Hvað veldur er erfitt að dæma um. „Kannski erum við nútímalegri," sagði Edda Jónsdóttir.

Eins og geta má nærri er mikið verk að koma saman svona stórri sýningu, það þarf að skrifa listakonum, velja myndir, koma sýningunni upp og senda síðan á milli landa. Bergljót sagði að styrkur hefði fengist frá Norræna Menningarmálasjóðnum, en það væri á mörkunum að peningarnir dygðu.

Íslensku listakonunum bar saman um að sýning sem þessi væri örvun fyrir þær, þær hefðu farið að vinna fyrir hana sérstaklega, hún hefði verið sýnd á stöðum sem njóta virðingar og erfitt er að komast inn á og margir hefðu séð verkin.

Framhald af bls. 9.



Portrett af konu eftir sænsku listakonuna Marianne Ågren. Ljósm: gel.



Skriffinnar heita þessar þrár myndir eftir finnsku listakonuna Kirsti Muinonen. Ljósm: gel.

á dagskrá

Pétur Reimarsson:



Það kemur fram að fjórðungur þess fjármagns, sem varið er til rannsókna í heiminum, fer til hernaðarrannsókna.

Vísindin efla...

Því er stundum haldið fram við hátíðleg tækifæri að rannsóknir og þróunarstarf séu grundvöllur framfara á öllum sviðum. Þannig muni rannsóknir sem fram fara um þessar mundir ráða miklu um það hvernig efnahags- og atvinnulíf muni þróast á næstu árum. Þegar svo er haft í huga að á síðustu árum hefur mikið verið rætt um að vandamál mannkyns séu einkum misrétti á flestum sviðum milli fátækra þjóða og ríkra, auðlindakreppa, matvælaskortur og mengun umhverfis skyldi ætlað að rannsóknir beinist einkum að því að finna lausnir á þessum málum.

Við skulum því kynna okkur hvernig þessum málum er háttað. Árið 1978 skiptist heildarfjármagn til rannsókna og þróunarstarfs í heiminum þannig eftir verkefnasviðum:

Hernaður	24%
Grundvallarrannsóknir	15%
Geimrannsóknir	8%
Orkumál	8%
Heilbrigðismál	7%
Upplýsingamál	5%
Samgöngur	5%
Mengunarvarnir	5%
Landbúnaður	3%
Ýmsar rannsóknir	20%

(Þessar tölur, sem aðrar í þessari grein, eru teknar úr riti er nefnist „Knowledge and Power: The Global Research and Development Budget" og er gefið út af *bandarískri stofnun, sem heitir* Worldwatch Institute en höfundur ritsins heitir Colin Norman).

Þróun vígvéla

Það kemur fram að fjórðungur þess fjármagns sem varið er til rannsókna í heiminum fer til hernaðarrannsókna. Þessi fjórðungur er talinn nema um 35 þúsund milljón bandaríkjadölum á ári, sem mér telst til að sé um 45 til 50 sinnum hærri upphæð en fjárlög íslenska ríkisins hljóða upp á 1981 og þó er hér einungis um að ræða rannsóknir og þróunarstarf.

Talið er að um 500 þúsund vísindamenn vinni að þróun nýrra vopna í heiminum, sem er jafnmikill fjöldi og allir Íslendingar ungir sem aldnir, og þarf þó að telja hvern tvisvar. Menn þurfa því ekki að undrast þó að fram komi nýr og æ fáránlegri vopnabúnaður. Menn þurfa heldur ekki að undrast það þó stöðugt sé verið að koma fyrir nýrri og „fullkomnari" hernaðarbúnaði á Miðnesheiði. Sú þróun mun halda áfram meðan herinn ameríski dvelst hér, hvort sem Íslendingum líkar betur eða verr. Ekki verður við heldur spurðir álits í því sambandi nema ef vera kynni vegna mannvirkja sem utanríkisráðherra landsins getur séð með berum augum um leið og hann flýgur til Norfolk til að samþykkja að þau skuli reist. — En þetta var nú útúrdúr frá meginefni greinarinnar, er helgast af nálægð 30. mars.

Ef litið er til einstakra landa verja ríkisstjórnir Breta og Bandaríkjamanna helmingi þess fjár, sem þær veita til rannsókna, til hernaðarrannsókna. Þetta kemur sérstaklega spánskt fyrir sjónir hjá svo fátækri þjóð, sem Bretum, er stöðugt draga úr félagslegri þjónustu.

Af töflunni sést einnig að til rannsókna vegna heilbrigðismála, matvælaframleiðslu, orkumála og mengunarvarna er varið samtals minna fé en til rannsókna vegna hernaðar. Það fé, sem notað hefur verið til rannsókna í orkumálum, hefur að verulegu leyti runnið til rannsókna á kjarnorkuframleiðslu. Rannsóknir á öðrum orkulindum og orkusparnaði hafa til skamms tíma verið vanræktar með þeim afleiðingum að á næstu árum eða áratugum verða Vesturlönd meira og minna háð kjarnorkunni sem orkugjafa.

Háttsettur íslenskur embættismaður fjallaði nýlega um það í blaðagrein, sem m.a. birtist hér í Þjóðviljanum, að orkuvandi þróunarríkjanna, sem víða er gífurlegur, væri að kenna þeim sem berjast gegn kjarnorku og útbreiðslu hennar.

Þetta er alveg út í hött. Orkuvandi þróunarríkjanna er sama eðlis og matvælaskorturinn, þ.e. vegna þess að iðnríkin hafa alltaf hugsað fyrst og fremst um eigin hag. (Samanber kenninguna: „Mannúðarsjónarmið víkja fyrir öryggissjónarmiðum".) Iðnríkin hafa auk þess umgengist orkulindirnar eins og þar væri brunnur, sem aldrei eyddist, og svo má aftur benda á að rannsóknir á nýjum orkugjöfum hafa mátt víkja fyrir kjarnorkunni um áratuga skeið.

Þekking er vald

Það eru sex þjóðir sem saman eyða 85% alls fjármagns til rannsókna og eru það Bandaríkin, Sovétríkin, V.-Þýskaland, Japan, Bretland og Frakkland. Flestir þróunarríkja í Afríku, Asíu og latnesku Ameríku er innan við 5%. Það er ljóst að rannsóknir og þróunarstarf í heiminum hafa þann tilgang fyrst og fremst að þjóna pólitískum, efnahagslegum og félagslegum þörfum ríkra iðnríkja. Það eru ekki þróunarlöndin sem njóta góðs af þeim 35 þúsund milljón dölum sem iðnríkin leggja í hernaðarrannsóknir.

„Þekking er vald", sagði Bacon hinn breski. Eftir þeirri uppskrift lifa iðnríkin og einblína á að afla sér slíkrar þekkingar sem færir þeim völd til að keppa við aðrar þjóðir sem eru sama sinnis.

24. mars 1981

Pétur Reimarsson

Lögfræðilegur vandi tölvunotkunar

Lögfræðileg vandamál varðandi tölvunotkun verður umræðuefnið á fundi í Lögfræðingafélaginu í kvöld kl. 8.30.

Í kjölfar vaxandi tölvunotkunar hafa komið upp mörg ný vandamál í þjóðfélaginu, m.a. það hvernig koma á í veg fyrir dreifingu á upplýsingum um einkahagi manna og önnur trúnaðarmál. Við sum af þessum vandamálum er unnt að ráða með löggjöf og kemur þar reynsla nágrannaþjóðanna að góðum notum.

Málshefjendur á þessum fundi verða þeir dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður. Fundurinn er haldinn í stofu 101 í Lögbergi.



Frá jólatónleikum hljómsveitarinnar

Vorhljómleikar Fjölbrautar:

Madrigalar og íslensk þjóðlög

Tónlistardeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti heldur vorhljómleika sína í Bústaðakirkju í kvöld kl. 21.00. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt, kór skólans syngur m.a. íslensk þjóðlög og enska madrigala, nokkrir nemendur á tónlistarbraut koma fram bæði í einleik og samleik, en nemendur tónlistarbrautar F.B. stunda allir hljóðfæranám sitt í hinum ýmsu tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Lengsti liður dagskrárinnar er leikur Trómet-blásarasveitarinnar, er leikur tónlist allt frá enskri renaissance-músík eftir Morley og Byrd til blásaraserenöðu Dvoráks. Blásarasveitina skipa auk nemenda úr F.B. nemendur ýmissa annarra framhalds- og tónlistarskóla. Stjórnandi tónleikanna er Þórir Þórisson.

Aðgangur að hljómleikunum er ókeypis og öllum heimill.